

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvelli

Garðabær, 4. september 2024
Málsnúmer: 202408-0032
MH

Efni: Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 og fyrir deiliskipulag nýs verslunar- og þjónustusvæðis – Brekkur

Vísað er til erindis Rangárþings eystra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 22. ágúst 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um sameiginlega skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020–2032 og nýs deiliskipulags á suðurhluta jarðarinnar Brekkur (L164160).

Svæðið sem er til skoðunar er fyrir sunnan bæinn Brekkur og nær frá Fljótshlíðarvegi og suður fyrir Flókastaðaá, alls um 68 ha að stærð. Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L1 og lítillaga L2) en aðalskipulagsbreytingin felst í að breyta hluta svæðisins, 7 ha, í verslunar- og þjónustusvæði (VP). Deiliskipulagið nær til svæðisins í heild. Á nýja verslunar- og þjónustusvæðinu eru áform um uppbyggingu á ferðaþjónustu með allt að 30 gestahúsum og sameiginlegu þjónustuhúsi. Á landbúnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir 10 landbúnaðarspildum fyrir fasta búsetu, húsdýrahaldi og minni háttar atvinnustarfsemi, hver spilda um 3–6 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna. Svæðið sem um ræðir er hvorki friðlýst né á náttúruminjasrá. Þar eru heldur ekki vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hins vegar er svæðið innan stærra svæðis sem skilgreint er mikilvægt fyrir fugla, þ.e. Suðurlandsundirlendið. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar flokkast stærstur hluti skipulagssvæðisins sem tún og akurlendi en á syðsta hlutanum, þegar komið er að Svepphóli og Flókastaðaá, er gróðurfar fjölbreyttara. Þar er að finna mósakí fjölbreyttra vistgerða graslendis, votlendis, moslendis, mólendis og eyra, og eru þar m.a. votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi sem eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þó ber að hafa í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun, sem reyndist miserfitt eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir.

Náttúrufræðistofnun leggur til að við skipulagsvinnuna verði kannað hvort votlendi sé að finna á skipulagssvæðinu og ef svo er ætti að forðast röskun á því eins og kostur er. Þar sem svæðið er hluti af mikilvægu fuglasvæði er eðlilegt að fjallað verði um fuglalíf á svæðinu og áhrif framkvæmda á það.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

